Eiríkur Einarsson . .	v. +	v. ÷	v. +	d. +	v. +	26	III.	57 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>
Jónas Stephensen . .	d. ÷	v.	v. ÷	d. ÷	d ÷	27 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	III.	54 <sup>1</sup> / <sub>3</sub>

Við þetta próf voru þeir dýralæknir Magnús Einarsson, cand. polyt, Ásgeir Torfason, cand. phil. Þórður Jensson og séra Bjarni Hjaltsted skipaðir prófdómendur með bréfi Stjórnarráðsins 3. júní þ. á.

## Verkefnið í hinu skriflega prófi voru:

### 1. Í íslenska ritgjörð.

Áhrif vatns á lögun landa, með sérstöku tilliti til Íslands.

### 2. Í danskan stíl.

Enginn var í kotinu, nema hann. Hann gekk um gólf fram og aftur. Loftið streymdi inn um gluggann og svalaði honum. Í glugganum voru engar rúður, en aðeins hlerar fyrir á nóttunni. Honum fanst fara vel um sig þar í einveruani. Hann stóð lengi frammi fyrir myndinni af Mariu mey og horfði bljúgur á geislaljómann kringum andlitið, sem var tilbúinn úr silfurpappír. En ekki datt honum í hug að biðjast fyrir. Og til hvers átti hann að biðjast fyrir, nú þegar honum var þrotin öll von? Honum fanst dagurinn ætla aldrei að liða. Honum leiddist eftir myrkrinu. Hann var eftir sig og blóðmissirinn hafði dregið mátt úr honum meira en hann vildi kannast við með sjálfum sér. Hann kandi þýsna mikið til í hendinni, settist á skemil og leysti utan af henni. Þá fór undir eins að blæða aftur, og það var kominn töluverð bólga kringum sárið. Hann þvodi hendina í vatni og hélt henni lengi niðri í. Þegar hann tók hana upp úr aftur, sá hann glögt tannaförin. „Það var ekki nema rétt af henni,“ mælti hann. „Eg var tuktur og mér var það mátulegt. Mig skal hún aldrei sjá framár.“

### 3. Í latínskan stíl.

Um þær muudir, er Antiochus bjó sig til ófriðar gegn Rómverjum, skrifuðu óvinir Hannibals til Rómaborgar, að bréf væri sent frá Hannibal til Antiochusar og að sendimenn væru komnir á laun frá konunginum til hans. Rómverjum var eigi ókunnugt um, að Hannibal var mjög í huga að endurnýja ófriðinn, og þeir höfðu eigi gleymt hve mikinn ósigur þeir höfðu bæði fyrir hinum <sup>1)</sup> þúnverska herforingja. Þeir réðu því af að senda sendimenn til öldungaráðs <sup>2)</sup> Kartverja, til þess að heimta að Hannibal yrði framseldur. Þegar sendimennirnir komu til Kartagó, flýði Hannibal til Antiochusar, er tók <sup>3)</sup> honum vinalega. Hann gat þó ekki fengið konunginn til að fara með herinn til Ítalíu og ráðast á Rómverja þar. Rómverjar ráku Antiochus úr Grikklandi, og er hann var kominn aftur til Asíu, neyddist hann til að semja frið.

Meðal annars lofaði hann að framselja Rómverjum Hannibal. Einnig í þetta sinn <sup>4)</sup> komst Hannibal undan, en fáum árum síðar tók hann eitru, til þess að lenda eigi í höndum Rómverja.

<sup>1)</sup> Punicus. <sup>2)</sup> Carthaginiensis. <sup>3)</sup> excipere. <sup>4)</sup> komast undan = elabi.

4. Í talnafræði og rúmfræði fekk hver piltur sérstakt verkefni.

## C. Inntökupróf.

### a. við byrjun skólaársins.

*Tækur í 4. bekk.*

Þórður Ragnar Þorgrímsson sjá inntökupróf til 1. b. 1903. Nr. 3.

*Tækir í 1. bekk.*

1. Hallgrímur Hermannsson, fæddur á Hólum í Hjaltadal 24. marz 1892. Foreldrar: Hermann Jónasson, spítularáðsmaður í Laugarnesi og kona hans Guðrún Jónsdóttir.
2. Karl Magnús Ármannsson, fæddur á Vestdalseyri 9. ágúst 1891. Foreldrar: Ármann Bjarnason, bókhaldari og kona hans Katrín Sigfúsdóttir.
3. Magnús Stephensen, fæddur á Mosfelli í Mosfellsveit 4. nóvember 1891. Foreldrar Ólafur Stephensen, pastor emer. í Skildinganesi og kona hans Steinunn Eiríksdóttir Stephensen.
4. Finnþogi Rútur Jónsson, fæddur á Þóroddstað í Kinn 31. marz 1891. Foreldrar: Jón Arason prestur í Húsavík og kona hans Guðriður Ólafsdóttir.
5. Jón Benediktsson, fæddur á Grenjadarstað 25. apríl 1893. Foreldrar: Benedikt Kristjánsson prófastur og kona hans Ásta Þórarinsdóttir.

### b. við lok skólaársins.

*Tækur í 6. bekk.*

1. Ásmundur Guðmundsson sjá innt pr. til 1. b. 1902 Nr. 6.

*Tækir í 5. bekk.*

1. Jón Sigtryggsson sjá innt pr. til 2. b. 1902 nr. 6.
2. Halldór Kristjánsson. Sjá innt.pr. til 1. b. 1903. Nr. 1.
3. Þórður Þorgrímsson sjá innt pr. til 1. b. 1903 nr. 3.
4. Guðmundur Ásmundsson, sjá innt.pr. til 1. b. 1902 nr. 12.
5. Eiríkur Einarsson, sjá innt.pr. til 1. b. 1902 nr. 21.
6. Jónas Stephensen, sjá innt.pr. til 1. b. 1902 nr. 4.

*Tæk í 1. bekk.*

1. Ágústa Björnsdóttir, fædd 14. febr. 1894 í Reykjavík. Foreldrar: Björn skólakennari Jensson og kona hans, Henriette Lovise f. Svendsen.

2. Brynjólfur Kjartansson, fæddur 20. des. 1893. Foreldrar: Kjartan Kjartansson prestur að Stað í Grunnavík og kona hans Kristín Brynjólfsdóttir.
3. Erlendur Karl Þórðarson, fæddur 12. júní 1892 í Krossdal. Foreldrar: Þórður Flóventsson og kona hans Jakobína Jóhannsdóttir.
4. Gísli Magnússon, fæddur 25. marz 1893 á Frostastöðum í Skagafirði. Foreldrar: Magnús Gíslason og kona hans Kristín Guðmundsdóttir.
5. Guðmundur Guðmundsson, fæddur í Reykholti. 15. júlí 1893. Foreldrar: Guðmundur próf. Helgason og kona hans Þóra Ásmundardóttir.
6. Gunnar Espólin Benediktsson, fæddur í Reykjavík 30. júní 1891. Foreldrar: Benedikt Ásgrímsson gullsmiður og kona hans Lilja Gunnarsdóttir.
7. Halldór Gísli Gunnlaugsson, fæddur á Kíðjabergi 20. sept. 1892. Foreldrar: Gunnlaugur hreppstjóri Þorsteinsson og kona hans Soffía Skúladóttir.
8. Karl Georg Magnússon, fæddur 18. des. 1891 á Akranesi. Foreldrar: Magnús Ólafsson ljósmyndari og kona hans Guðrún Jónsdóttir.
9. Leifur Sigfússon, fæddur 4. nóv. 1892. Foreldrar: Sigfús Árnason og kona hans Jónína Kr. N. Brynjólfsdóttir í Löndum í Vestmannaeyjum.
10. Páll Skúlason, fæddur í Odda á Rangárvöllum 19. sept. 1894. Foreldrar: séra Skúli Skúlason og kona hans Sigríður Helgadóttir.
11. Rögnvaldur Guðmundsson, fæddur 20. júlí 1891. Foreldrar: Guðmundur Jónsson og kona hans Guðrún Antoníusdóttir í Bygdarholti í Austur-Skaftafellssýslu.
12. Sigfús Halldórsson, fæddur á Þingeyrum 27. des. 1891. Foreldrar: Halldór Árnason og kona hans Púriður Sigfúsdóttir.
13. Valgeir Björnsson, fæddur á Dvergasteini 9. sept. 1894. Foreldrar: Björn Þorláksson prestur og kona hans Björg Einarsdóttir.

## D. Gagnfræðapróf

(burtfararpróf gagnfræðadeildar),

var haldið í júnímánuði. Voru þeir dr. phil. Björn Bjarnarson, cand. polyt. Ásgeir Torfason og stud. mag. Jón Ófeigsson skipaðir prófdómendur með bréfi Stjórnarráðsins dags. 3. júní. Undir próf þetta gengu auk 3. bekkinga 8 utanskólámenndur.



Nöfn.	Islenska munnleg.	Islenska skrifleg.	Danska munnleg.	Danska skrifleg.	Þenska.	Þagnfræði.	Landfræði.	Náttúrusaga.	Eðlisfræði.	Stærðfræði munnleg.	Stærðfræði skrifleg.	Teikning.	Rítleikni.	Hannyrð.	Leikfni.	Söngur.	Hegðun.
1. Guðjón Samúelsson.	4	4	4	2	4	6	5	5	5	5	6	6	4	8	4	8	8
2. Helgi Guðmundsson	5	4	6	5	6	6	5	5	6	6	6	5	6	5	5	8	8
3. Helgi Skúlason . .	4	5	5	4	6	5	5	5	3	2	2	4	2	5	4	6	5
4. Hermann Hjærtason	4	4	5	4	5	5	3	5	4	0	2	3	4	5	4		6
5. Laufey Valdimarsd..	5	6	6	5	6	6	5	5	5	4	3	6	4	4		8	8
6. Ólafur Jónsson . .	5	5	5	5	5	6	6	6	6	5	5	5	5	5	5	6	8
7. Páll Erlendsson . .	4	2	4	0	4	5	5	4	4	3	2	4	5	4	5	6	8
8. Pétur Magnússon .	5	6	5	4	6	6	6	5	6	5	6	4	5	5	5	8	6
9. Sighvatur Blöndal .	4	4	5	4	6	6	5	5	5	4	3	4	4	5	5	6	8
10. Sigtryggur Eiríksson	5	6	6	3	5	6	6	6	6	5	5	4	4	4	5	6	8
11. Sigurður Guðmundss.	4	4	4	4	5	5	5	5	5	4	2	6	4	5	4	6	8
12. Skúli Skúlason . .	5	5	5	4	5	4	5	5	6	4	6	4	3	5	4	6	6
13. Steingrímur Jónsson	5	6	5	5	5	5	6	5	6	5	5	6	5	5	5	8	8
14. Þorsteinn Þorsteins.	5	5	5	3	5	8	6	6	6	4	4	5	4	5	4	5	8
Utanskólanemendur:																	
Arngr. Kristjánsson	3	3	4	2	3	2	2	4	4	4	4	6	5	5			
Brynjólfur Árnason .	6	4	4	3	4	6	4	6	5	2	2	5	4	4			
Guðmundur Jónsson	8	6	6	3	4	5	3	2	3	2	2	2	6	3			
Sigurður Sigurðsson	6	4	4	2	4	4	4	2	5	3	3	4	6	4			
Skúli Thorarensen .	4	2	5	2	4	6	4	4	3	5	4	4	4	4			
Snorri Einarsson. .	5	5	5	3	4	4	4	6	5	3	3	5	5	8			
Vilhelm Jakobsson .	6	5	6	4	8	5	5	6	5	6	5	8	6	6			
Þórh. Jóhannesson .	6	6	6	6	6	6	4	5	6	5	5	6	6	3			

1. Arngrímur Kristjánsson, fæddur í Steinanesi við Arnarfjörð 3. ág. 1888. Foreldrar: Kristján bóndi Arngrímsson og kona hans Þórey Eiríksdóttir.
2. Brynjólfur Árnason, fæddur í Saurbæ í Eyjafirði 7 ágúst 1866. Foreldrar: Árni bóndi Jónsson og kona hans Lilja Ólafsdóttir.
3. Guðmundur Jónsson, sjá innt.pr. til 1. b. 1904. Nr. 2.
4. Skúli Grímsson Thorarensen, fæddur í Vestra-Kirkjubæ í Rangárvallasýslu 29. marz 1892. Foreldrar: Grímur bóndi Thorarensen og kona hans Jónína Egilsdóttir.
5. Sigurður Sigurðsson, fæddur í Flatey í Hornafirði 21. sept. 1884. Foreldrar: Sigurður bóndi Benediktsson og kona hans Guðný Sigurðardóttir.

6. Snorri Einarsson, fæddur á Oddeyri við Eyjafjörð 20. janúar 1886. Foreldrar: Einar bókhaldari Pálsson og kona hans María Matthíasdóttir.
7. Vilhelm Jakobsson, fæddur á Skinnastöðum í Axarfirði 21. febrúar 1889. Foreldrar: Jakob trésmiður Simonarson og María Þórðardóttir.
8. Þórhallur Jóhannesson, fæddur í Dalhúsum við Bakkafjörð 18. júní 1887. Foreldrar: Jóhannes bóndi Bjarnason og kona hans Friðjóna Friðbjarnardóttir.

## Verkefnið í hinu skriflega prófi voru:

### 1. Í íslenskar ritgjörðir.

#### a. Endursögn.

Á Suðurnesjum er bæjarpörp nokkuð, sem heitir í Vogum, en raunar heitir þorpið Kvíguvogar, og svo er það nefnt í Landnámu. Snemma bjó bóndi einn í Vogum, er sótti mjög sjó, enda er þar enn í dag eitt-hvert bezta útræði á Suðurlandi. Einhvern dag reri bóndi, sem oftast, og er ekki í það sinn neitt sérlegt að segja af fiskifangi hans. En frá því er sagt, að hann kom í drátt þungan, og er hann hafði dregið hann undir borð, sá hann þar mannsliki og innbyrti það. Það fann bóndi, að maður þessi var með lifi, og spurði hann, hvernig á honum stæði; en hann kvaðst vera marmennill af sjávarbotni. Bóndi spurði, hvað hann hefði verið að gjöra, þegar hann hefði ágoggast. Marmennill svaraði: „Eg var að laga andskjólin fyrir eldhússtrompnum hennar móður minnar. En hleyptu mér nú niður aftur.“ Bóndi kvað þess engan kost að sinni, „og skaltu með mér vera“. Ekki töluðust þeir fleira við; enda varðist marmennill viðtals. Þegar bónda þótti tími til, fór hann í land og hafði marmennil með sér, og segir ekki af ferðum þeirra fyr en bóndi hafði búið um skip sitt, að hundur hans kom í móti honum og flaðaði upp á hann. Bóndi brást illa við og sló hundinu. Þá hló marmennill hið fyrsta sinn. Hélt bóndi þá áfram lengra og upp á túnið, og rasaði þar um þáfu eina, og blótaði henni; þá hló marmennill í annað sinn. Bóndi hélt svo heim að bænum; kom þá kona hans út í móti honum, og fagnaði bónda blíðlega, og tók bóndinn vel blíðskap hennar. Þá hló marmennill hið þriðja sinn. Bóndi sagði þá við marmennil: „Nú hefir þú hlegið þrisvar sinnum, og er mér forvitni á að vita, að hverju þú hlóst.“ „Ekki gjöri eg þess nokkurn kost,“ sagði marmennill, „nema þú lofir að flytja mig aftur á sama mið, er þú dróst mig á.“ Bóndi hét honum því. Marmennill sagði: „Þá hló eg fyrst, er þú slóst hund þinn, er kom og fagnaði þér af einlægni.

En þá hló eg annað sinn, er þú rasaðir um þúfuna og bölvaðir henni; því þúfa sú er fepúfa, full af gullpeningum. Og enn hló eg hið þriðja sinn, er þú tókst blíðlega fagurgala konu þinnar, því hún er þér ekki trygg. Muntu nú efna öll orð þín við mig og flytja mig á mið það, er þú dróst mig á.“ Bóndi mælti: „Tvo af þeim hlutum, er þú sagðir mér, má eg að vísu ekki reyna að sinni, hvort sannir eru, trygð hundsins og trúleik konu minnar; en gjöra skal eg raun á sannsögli þinni, hvort fé er fólgið í þúfunni, og ef svo reynist, er meiri von, að hitt sé satt hvorttveggja, enda mun eg þá efna loforð mitt.“

b. *Að ljáa Reykjavíkurhöfn á sumardeg.*

## II. *Í danskan stjól.*

Einu dag komu báðir bræður mínir til mín, og stungu upp á því við mig, að eg færi með þeim í kaupferð. Í fyrstunni kvað eg nei við því. „Þið hafið ferðast,“ sagði eg, „og hvað hafið þið grætt? Hver ábyrgist að mér fari betur?“ Var það ekki til neins, að þeir voru að leiða mér fyrir sjónir það, sem þeir héldu, að helzt gæti gint mig til að freista gæfunnar; eg vildi engan þátt eiga í fyrirætlun þeirra. En þeir létu mig ekki í friði, fyr en eg gekk að því, og hafði eg þá staðizt fortölur þeirra í fimm ár. En er við vorum ferðbúnir, og kaupa átti varning þann, er nauðsynlegur var, kom það upp úr kafinu, að hvorugur átti nóg eftir af þeim þúsund dólum, sem eg hafði gefið hvorum þeirra. Samt veitti eg þeim engar átölur. En eg átti sex þúsund dali; tók eg helminginn af þeim og gaf hvorum sinn part, svo mælandi: „Bræður mínir! Meiru en þessum þrem þúsund dólum megum við ekki hætta, en hinar þrjár þúsundirnar verðum við að fela á vísu stað, svo við megum huggast og taka upp fyrri iðn vora, ef þessi ferð mishepnast.“ Fekk eg þeim þá hvorum um sig eitt þúsund dali, en hinar þrjár þúsundirnar gróf eg niður í húsi mínu. Því næst keyptum við vörur, tókum skip á leigu og sigldum burt.

III. *Í stærðfræði* fekk hver nemandi sérstakt verkefni.

## E. **Burtfararpróf**

(stúdentpróf),

var haldið í síðari hluta júnímánaðar. Voru þeir landsbókavörður Jón Jakobsson og dr. Björn Bjarnarson og auk þeirra

séra Bjarni Hjaltsted, sérstaklega í kristnum fræðum, skipaðir prófdómendur með bréfi Stjórnarráðsins dags. 3. júní. Undir próf þetta gengu auk 6. bekkinga 9 utanskólasveinar.

Verkefni í hinu skriflega stúdentsprófi voru:

1. *Í íslenska ritgjörð I:*

Að hverju leyti eru skáldin þarfir starfsmenn þjóð sinni?

2. *Í íslenska ritgjörð II:*

Hvernig kristni kom á Ísland.

3. *Í danskan stýl.*

Daginn eftir var veður hið fegursta. Skálholtsdómkirkja var þá nýreist, og ekkert sparað til að gjöra hana sem veglegasta. Úti í garðinum, þar sem orustan hafði verið háð daginn áður, sat ungmenni eitt, sem ekki hafði fyllt tvitugsaldur, og hélt á stækkunargleri í hendinni. Hann skoðaði í gegnum það blóm og grös, er hann hafði safnað alt í kringum sig. Hann aðgætti nákvæmlega hverja línu, hverja taug, og hvern blómbikar, og mátti sjá, að hann var frá sér numinn af aðdáun yfir því, hve haglega alt var gjört. Hinn ungi maður var Þórður son Þorláks Hólabiskups, sem komið hafði kveldið áður að norðan með Bjelke höfuðsmanni. Hann var friður sýnum og hinn gervilegasti. Hann sat stundarkorn sokkinn niður í að skoða blóm sin við glugga; þar rélt uppi yfir sat Ragnheiður litla dóttir biskups og horfði ofan á náttúraskoðarann með mikilli forvitni; þegar minst varði, leit Þórður upp til að skoða bygginguna, og hefir líklega í huganum borið hana saman við bygginguna á Hólum; kom hann þá auga á Ragnheiði litlu uppi í glugganum. „Ó, hvílik fegurð,“ hugsaði hann, „þetta er engilsmynd. Skyldi það vera biskupsdóttirin?“ Til þess að ganga úr skugga um það, kallaði hann til hennar og spurði hana að nafni.

4. *I þýðingu úr latínu.*

*Cicero Attico S.*

VIII. Id. Sext. quum a Leucopetra profectus — inde enim tramittibam — stadia circiter ccc processissem, rejectus sum austro vehementi ad eandem Leucopetram. Ibi quum ventum exspectarem — erat enim villa Valerii nostri, ut familiariter essem et libenter — Rhegini quidam, illustres homines, eo venerunt, Roma sane recentes; in iis Bruti nostri hospes, qui Brutum Neapoli reliquisset. Haec afferebant: edictum Bruti et Cassii, et fore frequentem senatum Kalendis; a Bruto

litteras missas ad consulares et praetorios; ut adessent, rogare. Summam spem nuntiabant fore, ut Antonius cederet, res conveniret, nostri Romam redirent. Addebant etiam, me desiderari, subaccusari. Quae quum audissem, sine ulla dubitatione abieci consilium profectionis, quo mehercule ne antea quidem delectabar. Lectis vero tuis literis, admiratus equidem sum, te tam vehementer sententiam commutasse; sed, non sine causa, arbitrabar. Etsi, quamvis non fueris suasor et impulsor profectionis meae, approbator certe fuisti, dummodo Kal. Jan. Romae essem. Ita fiebat, ut, dum minus periculi videretur, abessem; in flammam ipsam venirem. Sed haec, etiam si non prudenter, tamen ἀνεμέσγητα sunt; primum quod de mea sententia acta sunt; deinde, etiam si te auctore, quid debet, qui consilium dat, praestare praeter fidem?

## Útskrifaðir 29. júní 1907.

Nr.	Nöfn.	Fæðingar- dagur.	Ísl. ritg. I.	Ísl. ritg. II.	Danska.	Franska.	Pýzka.	Lat. þýðing.	Latína lesin.	Latína ólesin.	Griška.	Kristiu fræði.	Sagnfræði.	Eðlisfræði og stjórnfræði.	Aðaleinkunn.	Stigatal.
1.	Sveinn V. Sveinsson	$\frac{26}{8}$ 87	d. ÷	d.	d.	d. +	d. +	v.	d. +	d. +	d. +	á. ÷	d.	d. +	I.	98
2.	Ólafur P. Pétursson	$\frac{9}{11}$ 86	d.	d.	d.	d. +	d. ÷	v. +	d. +	d.	d. ÷	d. +	á. ÷	d. +	I.	97
3.	Pétur Halldórsson	$\frac{26}{4}$ 87	d. ÷	d.	d. +	d. +	d. ÷	v.	v. +	d.	d.	d.	d. ÷	d. ÷	I.	92
4.	Haraldur Jónasson	$\frac{6}{8}$ 85	v. +	v. +	v. ÷	v. +	v.	i.	v.	v.	d. ÷	d. ÷	l. +	l. +	III.	55
	Utanskólasveinar:															
	Magnús Jónsson	$\frac{26}{11}$ 87	d.	d.	d.	d.	d. +	v.	d.	d. +	d. +	á.	á. ÷	á. ÷	I.	100
	Alexander Jóhannesson	$\frac{15}{7}$ 88	v. +	d. ÷	d.	á. ÷	d.	v.	d.	d. +	d. +	d. +	d. +	v.	I.	95
	Ásgeir Gunnlaugsson	$\frac{21}{3}$ 85	v. +	d.	v. +	d.	d. ÷	l. +	v. +	d.	d. ÷	á.	d.	d. ÷	I.	88
	Ólafur Gunnarsson	$\frac{23}{9}$ 85	v.	d. ÷	d. ÷	v. +	d. ÷	l. +	d. ÷	d.	d. ÷	á. ÷	d. ÷	d. +	I.	86
	Sigurður Jóhannesson	$\frac{16}{3}$ 85	v.	v. ÷	v. +	d. ÷	v. +	l. +	d.	d.	d. ÷	d. +	d. ÷	l. +	II.	78
	Árni B. P. Helgason	$\frac{2}{1}$ 90	v.	v.	v.	d.	d. ÷	v. ÷	v. +	d.	d. +	á. ÷	l. +	v.	II.	77
	Sigfús M. Jóhannsson	$\frac{28}{3}$ 86	v.	d. ÷	v. +	d. ÷	v.	i. +	d. ÷	v. +	d.	á. ÷	á. ÷	v. ÷	II.	77
	Jón Jónasson	$\frac{22}{6}$ 85	d. ÷	d. ÷	v. ÷	d.	v.	l. ÷	d.	d. +	v. ÷	á. ÷	d. +	l. +	II.	73
	Björn Jósefsson	$\frac{2}{2}$ 85	d. ÷	v. +	d. ÷	d. ÷	v. +	i. +	v.	d. ÷	v. ÷	á. ÷	d. ÷	d. ÷	II.	71

## VII. Stjórn skólans.

### 1. Prófreglugjörð

fyrir

*gagnfræðadeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík.*

Samkvæmt 14. gr. í auglýsingu 9. septbr. 1904, um bráðabirgðareglugjörð fyrir hinn almenna mentaskóla í Reykjavík, eru hér með settar eftirfarandi reglur um það, hvernig hagað skuli gagnfræðaprófi við téðan skóla.

#### 1. kafli.

*Um skólanemendur.*

##### 1. gr.

Burtfararpróf gagnfræðadeildar hins almenna mentaskóla nefnist gagnfræðapróf. Þeir, sem undir það ganga, skulu reyndir í því, sem þeir hafa lesið í gagnfræðadeildinni, þó með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvörðunum þeim, er hér fara á eftir. Skólameistari ákveður í samráði við kennara og með samþykki stjórnarráðs, að hve miklu leyti sleppa megi ýmsum köflum úr því, sem lesið hefir verið í allri deildinni.

##### 2. gr.

Ekkert gagnfræðapróf skal halda í:

- 1) Kristnum fræðum,
- 2) teiknun,
- 3) hannyrðum,
- 4) leikfimi,
- 5) söng.

En leggja skal fram teikningar þær og hannyrðir, sem nemendur hafa leyst af hendi í skólanum síðasta skólaár, og skal gefa einkunn fyrir hvort um sig. Sýna skal og í lok skólaársins leikni í líkamsæfingum og söng þeirra nemenda, er gagnfræðapróf eiga að taka. Hinir skipuðu prófdómendur skulu ásamt kennara dæma um teikningar og hannyrðir.

## 3. gr.

Gagnfræðaprófinu skal haga þannig:

## I. Íslenzka.

a. *Munnleg.* Nemendur skulu hafa til prófsins að minsta kosti 200 bls. í 8vo af því, sem þeir hafa lesið í skólanum; skal það bæði vera bundið mál og óbundið, valið úr fornbókmentunum, og einkum bókmentum síðari alda- ýmislegs efnis. Hver nemandi skal látinn lesa kafla úr óbundnu máli, er hann hefir ekki lesið áður í skólanum; má kaflinn eigi vera þyngri að efni né máli en það, sem lesið hefir verið í skólanum; hann skal og látinn lesa kafla í ljóðum. Gera skal hann grein fyrir efni þess, sem hann er látinn lesa. Enn fremur skal kennarinn taka til meðferðar hæfilega langan kafla af því, sem til prófs hefir verið ætlað, láta nemandann segja frá efni hans með eigin orðum, og gera nokkra grein fyrir einstökum orðum og setningum. Við einkunnagjöfina skal taka sérstakt tillit til þess, hvernig lesið er.

b. *Skrifleg.* Nemendur skulu skrifa endursagnarstil og ritgerð, annaðhvort frásögulegs efnis, eða lýsingu á einhverju, er þeir þekkja, eða hafa fyrir augunum. Eigi skal verkefnið vera mjög umfangsmikið.

## II. Danska.

a. *Munnleg.* Nemendurnir skulu hafa til prófsins að minsta kosti 100 bls. í 8vo af því sem þeir hafa lesið í skólanum. Skal reyna þá í kafla úr þessu og í stuttum ólesnum kafla auðveldum. Prófið fari fram sumpart með samtali á dönsku um kaflann eða endursögn hans, sumpart með því að þýtt sé á íslenzku svo mikið sem þurfa þykir til þess að ganga úr skugga um, að nemandinn skilji kaflann. Í málfræði sé nemandinn aðallega reyndur á þann hátt, að hann sé látinn setja saman óflóknar smásetningar, er sem mest séu leiddar út úr kaflanum, sem prófað er í.

b. *Skrifleg.* Nemendur skulu snúa hæfilegum kafla úr íslenzku á dönsku.



### III. Enska.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt, og skal haga því á sama hátt og prófinu í dönsku.

### IV. Saga.

Prófið er munnlegt, og skal láta nemandann segja frá kafla í sambengi og sömuleiðis svara einstökum spurningum, sem fyrir hann eru lagðar.

### V. Landafræði.

Prófið er munnlegt og á að styðjast við uppdrætti landa, myndir eða önnur áhöld við landafræðiskenslu.

### VI. Náttúrusaga.

Prófið er munnlegt og skal leggja aðaláherzlu á það, að nemendur geti glögglega lýst náttúrugripum eða myndum, sem þeim eru sýndar, og kunni að gera grein fyrir líffærum, gerð þeirra og störfum. Spurningar úr heilsufræði þarf ekki að leggja fyrir alla nemendur, og eigi skal velja aðalspurninguna handa nokkrum nemanda úr henni.

### VII. Eðlisfræði.

Prófið er munnlegt og skal nota myndir eða önnur kensluáhöld við það eftir föngum. Hverjum nemanda skal fá eitt eða tvö verkefni, eftir því hve yfirgrípsmikil þau eru. Séu þau tvö, má annað þeirra vera efnafræðislegs efnis, en eigi skal það vera aðalúrlausnarefnið.

### VIII. Stærðfræði.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt.

a. *Reikningur*. Munnlega prófinu skal þannig haga, að það sýni hve vel nemendur skilji reikningsreglurnar og leikni þeirra í að hagnýta sér þær.

Við skriflega prófið skulu nemendum fengin til úrlausnar að minsta kosti tvö dæmi. Skal velja þau þannig, að þeir geti beint hagnýtt sér þær reikningsreglur, sem þeir hafa lært.

b. og d. *Talnafræði* og *flatarmálsfræði*. Við munn-

lega prófið skal einkum reyna nemendur í flatarmálsfræði, og ber við prófdóminn að taka sérstaklega tillit til þess, hvort nemandinn getur gert nákvæma og skýra grein fyrir því, sem hann hefir lært.

Við skriflega prófið skal fá nemendum tvö verkefni til úrlausnar. Þau skal þannig velja, að hægt sé beint að hagnýta sér við úrlausnina einhverja þá setningu, eða aðferð, sem þeim hefir verið kend í skólanum. Skal annað dæmið vera uppdráttardæmi (Konstruktion), en hitt reikningsdæmi, eða líking. Við prófdóminn skal hafa hliðsjón af því, hvernig teikningin er af hendi leyst.

#### 4. gr.

Þrír prófdómendur skulu dæma um hina skriflegu og munulegu frammistöðu í hverri grein. Skal einn þeirra vera kennarinn í þeirri námsgrein, sem prófið er í, en af hinum tveimur velur stjórnarráðið annan, en hinn skólameistari.

#### 5. gr.

Allar einkunnir hafa sama gildi. Einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir á ekki að leggja saman við einkunnir fyrir munnlega frammistöðu í sömu námsgrein. Að eins eina einkunn skal gefa fyrir alla hina munnlegu frammistöðu í heild sinni í hverri námsgrein, og aðra einkunn fyrir skriflega; og það eins þótt lagt sé fyrir nemandann fleiri en eitt verkefni til úrlausnar, eða þótt námsgreinir skiftist í fleiri deildir.

#### 6. gr.

*Einkunnir* eru þrens konar:

1. *Prófseinkunnir* eru þær einkunnir, sem gefnar eru fyrir munnlega eða skriflega frammistöðu við gagnfræðapróf í hverri einstakri námsgrein. Sömuleiðis einkunnir þær, sem gefnar eru við gagnfræðaprófið fyrir teikningu og hannyrðir.

Við munnlegt próf eiga prófdómendurnir, að afloknu prófi í hverri námsgrein, að bera saman einkunnirnar, sem þeir hafa gefið, og kveða upp að því loknu prófseinkunn hvers nemanda í námsgreininni,

2. *Árseinkunnir* eru meðaltal þeirra þriggja einkunna, er hver kennari gefur í sinni kenslugrein, eða sínum kenslugreinum, til þess að láta í ljós álit sitt um ástundun og kunnáttu nemanda í þeim námsgreinum, sem hann kennir. Skulu þær einkunnir ritaðar í bók, sem til þess er ætluð, og meðaltal þeirra reiknað út við lok kensluársins og fært inn í bók þessa.

3. *Fullnaðareinkunnir*. Fullnaðareinkunn er sú einkunn, sem kemur út, þegar lögð er saman prófseinkunn, sem gefin hefir verið fyrir munnlega frammistöðu í námsgrein, eða fyrir skólavinnu þá, sem lögð hefir verið fram til þess að um hana sé dæmt, og árseinkunn í námsgreininni, og því, sem út kemur, síðan deilt með 2.

Prófseinkunn fyrir skriflega úrlausn í námsgrein er fullnaðareinkunn í henni.

Árseinkunn fyrir frágang á skriflegum úrlausnum (ritleikni), söng og leikfimi, skal vera fullnaðareinkunn í greinum þessum.

Í öllum þeim námsgreinum, sem munnlegt próf er haldið í, skal fullnaðareinkunn gefin eftir framanrituðum reglum.

Í öllum þeim námsgreinum, sem munnlegt próf fellur burt í samkvæmt ákvæðum þeim, sem um það kunna að verða gerð, skal árseinkunnin vera fullnaðareinkunn.

Skólameistari sér um samlagning árseinkunna og fullnaðareinkunna, og að allar árseinkunnir, prófseinkunnir og fullnaðareinkunnir séu ritaðar í sérstaka bók.

## 7. gr.

Við gagnfræðapróf skal að jafnaði aðeins gefa 3 einkunnir; þessar einkunnir séu táknaðar með tölunum 6, 4, 2. Enginn prófdómandi má gefa aðrar einkunnir þar á milli. Ef prófdómendur gefa sína einkunnina hver, má taka meðaltal þeirra, og koma þá út einkunnirnar 5 og 3. Enn fremur má í viðlögum gefa einkunnirnar 8 og 0, ef hver prófdómandinn um sig hefir kveðið þann dóm upp. Gefa má og þessar einkunnir á skólaárinu, og reikna árseinkunnirnar út eftir þeim. Sleppa skal öllum brotum, en halda einungis

heilum tölunum, þegar deilt er einkunnum þeim, sem gefnar eru á skólaárinu, og sömuleiðis þegar meðaltal er tekið af árseinkunninni og prófseinkunninni. Þó skal árseinkunnin 1,5 hækkuð upp í 2.

Árseinkunn fyrir frágang á skriflegum úrlausnum kemur út við það, að lagðar eru saman einkunnir þær, sem allir kennarar í námsgreinum þessum hafa gefið á skólaárinu, og útkomunni síðan deilt með tölu einkunnanna; komi út meira brot en  $\frac{1}{2}$ , sé það hækkað upp í heilan, en  $\frac{1}{2}$  og þaðan af minna broti sé slept.

### 8. gr.

Til þess að standast gagnfræðapróf má meðaleinkunn í íslenzku, dönsku, ensku, sagnfræði, landafræði, náttúrusögu, eðlisfræði, stærðfræði, teiknun og frágangi á skriflegum úrlausnum eigi vera lægri en 3,5, reiknað eftir framanskráðum reglum. Þó skal nemandi þeim, sem við munnlegt eða skriflegt próf fær prófseinkunnina 0 tvisvar sinnum, vísað frá prófi.

### 2. kafli.

#### *Um utanskólanemendur.*

### 9. gr.

Foreldrar eða vandamenn utanskólanemanda, sem ætlað er að ganga undir burtfararpróf gagnfræðadeildarinnar, skulu senda skólameistara umsókn um það fyrir 15. dag maímánaðar, ásamt vottorði frá manni eða mönnum, sem lokið hafa burtfararprófum við hinn almenna mentaskóla eða öðrum jafngildum prófum, um það, að hann eða þeir hafi haft eftirlit með námi hans, og skal því fylgja skýrsla um það, sem nemandinn hefir lesið og numið.

### 10. gr.

Utanskólanemendur skulu hafa lesið og numið alt það, er lesið er og numið í allri gagnfræðadeildinni eða jafngildi þess, og skulu ganga undir próf í því öllu, svo og í teiknun

og hannyrðum. Er kennurum skylt að haga svo prófinu samráði við prófdómendur, að nægileg víska fáiast um það, að nemendur hafi náð tilætlaðri kunnáttu og þroska. Prófseinkunn utanskólanemenda er fullnaðareinkunn þeirra.

Í stjórnarráði Íslands 18. apríl 1907.

Í fjarveru ráðherrans

**Kl. Jónsson.**

*G. Sveinbjörnsson,*  
aðst.

## 2. Fjárhagsvottorð

*lærisveina hins lærða skóla í Reykjavík.*

Samkvæmt bréfi stiftsyfirvaldanna 20. maí 1896 verða þeir lærisveinar, sem vilja fá námsstyrk af landsfé, að senda til rektors vottorð um fjárhag sinn og allar ástæður fyrir 1. okt. ár hvert, og gildir þetta vottorð um leið sem bónarbréf um námsstyrk fyrir það skólaár, er þá fer í hönd. Eyðublöð til slíks fjárhagsvottorðs fást ókeypis hjá aðalumsjónarmanni skólans í skólahúsinu, og er það svo hljóðandi:\*

1. Nafn piltins og foreldra hans: . . . . . 2. Kom í Reykjavíkur lærða skóla árið , . . . . og settist í . . . bekk. 3. Hverja atvinnu eða embætti hefir faðir piltins, eða — ef hann er dáinn — hverja stöðu baðði hann og hverja stöðu hefir móðirin, ef hún er á lífi? . . . . . 4. Eiga foreldrar piltins fleiri óuppkomin börn en hann, og eru nokkur þeirra sett til menta í öðrum skólum en barnaskólum? . . . . . 5. Hve miklar tekjur hefir faðirinn (eða móðirin) árlega af atvinnu sinni eða embætti? Ef faðirinn (eða móðirin) lifir á sveitabúskap eða sjávarútveg, þarf ekki að svara þessari spurningu, en aftur á móti skal þá tilgreina, á hve mörgum jarðarhundruðum hann (hún) býr, og auk þess um sjávarbóndann, hve mörgum skipum eða bátum hann (hún) heldur úti. Auðvitað eiga bændur sem aðrir að tilgreina, ef þeir hafa tekjur af öðru aukreitis við hliðina á sveitabúskapnum eða sjávarútvegnum, t. d. af umböði, póstaþgreiðslu, smíðum o. s. frv. Hefir móðirin nokkra

\*) Eyðurnar eru táknadar með punktum ( . . . ).

sérstaka atvinnu, er gefi af sér nokkrar verulegar tekjur í félagsbú foreldranna, og þá hve miklar? . . . 6. Á faðirinn (eða móðirin) nokkra jarðeign, húseign, þilskip eða part úr þilskipi, fé á vöxtum eða aðra arðberandi eign? (jarðir skal nefna, en önnur eign tilfærast í peningavirði). Hvað mikið telur faðirinn (móðirin) fram til tíundar í hundradatali? . . . 7. Á pilturinn nokkurn arf eða aðra séreign, og þá hve mikið (jarðir skal nefna, en önnur eign tilgreinist í peningavirði) . . . 8. Fær pilturinn nokkra hjálp frá öðrum en foreldrum sínum? . . . 9. Athugasemdir, sem vottorðsveitandi að öðru leyti kynni að vilja taka fram . . .

Að fjárhagsvottorð þetta sé rétt í öllum greinum samkvæmt minni beztu vitund og að engu sé leynt, sem nauðsynlegt er að taka fram til að fá rétta hugmynd um fjárhag piltins, það votta eg hér með við drengskap minn og samvizku.

..... dag .....

(Nafn vottorðsveitanda, .....

Hér með votta eg undirskrifaður, að mér sé ekkert kunnugt, sem hnekki framanskriðuðu fjárhagsvottorði eða ósanni það í neinni grein.

..... dag .....

(Nafn þess, er staðfestir vottorðið) .....

## Til athugunar fyrir vottorðsveitendur og umsækjendur:

1. Fjárhagsvottorð lærisveina hins lærða skóla skulu gefin af föður piltins. Ef hann er dáinn eða á einhvern hátt fatlaður frá að undirskrifa það, og sé pilturinn ómyndugur (ekki fullra 18 ára), þá skal móðirin gera það í föðursins stað, svo framarlega sem hún situr í óskiftu bú, en annars löglega skipaður fjárhaldsmaður piltins (ekki skólafjárhaldsmaður, nema hann sé um leið löglega skipaður fjárhaldsmaður). Sé pilturinn hálfmyndugur (fullra 18 ára, yngri en 25 ára) og eigi ekki föður á lífi, skal hann sjálfur undirskrifa það með tilsjónarmanni. Sé pilturinn fullmyndugur (fullra 25 ára) og eigi ekki föður á lífi, skal hann sjálfur undirskrifa vottorðið.
2. Auk þess skulu fjárhagsvottorðin staðfest af hlutaðeigandi sóknarpresti. Ef sóknarprestur er sjálfur vottorðsveitandi, skal það staðfest af hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta.

3. Ef það sannast, að eitthvað sé ósatt eða rangt í framanskriðuðu fjárhagsvottorði, og séu líkur til, að rangt sé frá skýrt af ásettu ráði, þá missir þillurinn allan þann styrk, sem hann kann að hafa haft, og getur ekki búist við að fá neinn styrk í skólanum upp frá því. Auk þess varðar það við lög, ef röng skýrsla er gefin (sjá Almenn hegningarlög 155. og 156. gr.).
4. Fjárhagsvottorð á að vera komið til rektors lærða skólans í síðasta lagi 1. október ár hvert og gildir um leið sem umsóknarbréf um námsstyrk fyrir það skólaár, sem þá fer í hönd. Verður því að endurnýja það árlega. Verði einhver vcruleg breyting til hins verra á ástæðum þillsins, eftir að vottorðið er undirskrifað, skal skóla-fjárhaldsmaður gera skriflega yfirlýsingu um það eftir beztu vitund og senda rektor, helzt eigi seinna en 1. okt. eða ef breytingin verður síðar, þá í síðasta lagi fyrir 1. marz næst á eftir. Nýsveinar þeir, sem gera sér von um styrk á 1. skólaári, verða að vera búnir að senda inn fjárhagsvottorð fyrir 1. marz ár hvert“.

### 3. Skilyrði fyrir inntöku í skólann.

a. *Skilyrði fyrir inntöku í gagnfræðadeildina* eru tekin fram í bráðabirgðareglugjörð fyrir nefndan skóla 18. og 19. gr. og eru báðar greinarnar til leiðbeiningar hlutaðeigendum prentaðar hér orðréttar:

18. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að þeir, sem teknir eru í fyrsta bekk gagnfræðadeildarinnar séu ekki yngri en 12 ára og ekki eldri en 15 ára fullra, og að þeir, sem teknir eru í fyrsta bekk lærdómsdeildarinnar séu ekki yngri en 15 ára og ekki eldri en 18 ára fullra.

Þegar sértaklega stendur á, getur Stjórnarráðið rýmkað efra aldurstakmarkið fyrir einstaka þilta, að því er lærdómsdeildina snertir, ef skólameistari mælir með því.

2. Að þeir séu ekki haldnir af neinum næmum sjúkdómi eður öðrum líkamskvilla, sem orðið getur hinum nemendum skaðvænn.
3. Að siðferði þeirra sé óspilt.
4. Að þeir leggi fram [fullnægjandi vottorð frá þeim skóla, er þeir síðast hafa gengið í, ef þeir hafa verið að námi í öðrum skólum, eða frá þeim, sem hafa búið þá undir skóla.

19.

Til þess að verða tekinn í 1. bekk gagnfræðadeildarinnar, verður nemandinn að ganga undir próf,\*) er sýni að hann hafi þá kunnáttu og þroska, er hér segir:

\*) Inntökuprófið skal að jafnaði haldið við lok júním. ár hvert (sbr. reglu-

## 1. Íslenzka munnleg.

Nemandinn verður að geta lesið skýrt og áheyrilega lesinn kafla í óbundnu máli, og nokkurn veginn áheyrilega ólesinn kafla sögulegs efnis í óbundnu máli, hæfilega auðveldan að efni og orðfæri. Hann skal og geta skýrt frá efni hins lesna, ef hann er spurður, og sýna að hann hafi skilið það. Hann verður að kunna utan bókar nokkur íslensk kvæði, helzt sögulegs efnis og geta gjört grein fyrir efni þeirra, svo að það sjáist að hann hafi skilið þau.

Nemandinn þekki helztu almennar málfræðislegar hugmyndir og kunnir helztu atriðin í íslenskri beygingarfræði.

## 2. Íslenzka skrifleg.

Með skriflegu prófi verður nemandinn að sýna, að hann geti nokkurn veginn ritvillulítið, og svo, að helztu lestrarmerki séu rétt sett, skýrt skriflega frá efni í stuttri og auðskilinni sögu, sem honum er sögð eða lesin fyrir. Skal það vera hreinlega og skipulega af hendi leyst.

## 3. Reikningur.

Prófið er bæði skriflegt og munnlegt, og skal nemandinn með því sýna, að hann kunnir 4 aðalgreinir reikningsins með heilum tölum og brotum (almennum brotum og tugahrotum) og hafi leikni í að nota þær til að leysa úr auðveldum dæmum, er fyrir koma í daglegu lífi. Auk þess verður hann að vera leikinn í að reikna í hugarum með lágum tölum.

## 4. Skrift.

Nemandinn verður að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd.

## 5. Danska.

Nemandinn skal hafa lesið til prófsins eigi minna en 150 bls. í 8 blaða broti. Skal hann lesa upp stutta lesna grein og geta lagt hana út á íslenzku. Hann skal og þekkja hin allra helztu atriði danskrar beygingarfræði. Ennfremur verður hann að geta snúð munnlega og skriflega auðveldum setningum daglegs máls úr íslenzku á dönsku. Við prófið skal taka tillit til framburðarins.

## 6. Saga.

Nemandinn verður að hafa numið stutt ágríp af mannkynssögunni og af sögu Íslands.

## 7. Landfræði.

Nemandinn verður að hafa numið stutt ágríp af allri landfræðinni og nokkurn veginn nákvæma lýsingu Íslands, og kunna að nota uppdrætti landa og jarðlíkan.

## 8. Náttúrusaga.

---

gjörð 17. gr) Skulu nýsveinar, áður en þeir ganga undir próf. afhenda skólastjóra hin fyrirskipuðu vottorð frá kennurum sínum um, að þeir hafi veitt þeim tilögn, ásamt skrá yfir það, sem þeir hafa lesið, síðferðisvottorð, skírnarvottorð og bólu-setningar.



Nemandinn verður að þekkja allra helztu dýr, sérstaklega húsdýrin, og þau önnur dýr, sem menn varða mestu, eunfremur allra helztu jurtir, sérstaklega gagnjurtir.

b. *Skilyrði fyrir inntöku í efri bekki skólans*, sem eru undir eldri reglugjörðinni, eru hin sömu og verið hafa og má lesa um þau í eldri skýrslum.

3. Hver sá utanskólasveinn, er ætlar að ganga undir *burtfararpróf* (stúdentspróf), á að afhenda skólastjóra vottorð frá manni, sem tekið hefir stúdentspróf, um að hann hafi haft eftirlit með námi hans og telji hann fær-  
an til prófsins.

4. *Skólabækur*. Allir piltar eru skyldir að eiga eða hafa til brúkunar allt skólaárið allar þær bækur, sem við eru hafðar í þeim bekk, er þeir sitja í, þar á meðal mállysingar og orðabækur í hverju því máli, sem kent er í bekknum. Verða slíkar bækur ekki lánaðar nemendum úr skólabóka-  
safninu, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Reykjavík í ágústmánuði 1907.

**Stgr. Thorsteinsson.**

---